

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hamraness fyrir Baughamar 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2025 breyting á deiliskipulagi/skilmálum fyrir Baughamar 1-3. Breytingin felst í fjölgun íbúða úr 58 í 60. Fótspor og umfang húss breytist ekki. Engar breytingar eru gerðar á öðrum skilmálum.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður fyrir Suðurhelli 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2025 breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður fyrir Suðurhelli 5. Breytingin felst í stækkun byggingarreits svo hægt verði að koma fyrir svölum á austurhlið 2. hæðar. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. ágúst 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 25. ágúst 2025